


Júní 2023

Myndlistarstefna til ársins 2030



Yfirlitsmynd af sýningu Guðjóns Ketilssonar, Teikn, í Listasafni Reykjanesbæjar 2019. ▲

Sigurður Guðjónsson.
Ævarandi hreyfing, 2022. ►



Stjórnarráð Íslands
Menningar- og viðskiptaráðuneytið

Júní 2023

Myndlistarstefna til ársins 2030

Mynd úr sal Listasafns
Íslands af sýningunni
Listþræðir, tekin 2020. ►



Stjórnarráð Íslands
Menningar- og viðskiptaráðuneytið

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Framtíðarsýn	10
Meginmarkmið	11
Meginmarkmið 1. Á Íslandi ríki kraftmikil myndlistarmenning	12
Meginmarkmið 2. Stuðningskerfi myndlistar sé einfalt og skilvirkt	13
Meginmarkmið 3. Íslensk myndlist verði sýnileg og vaxandi atvinnugrein	17
Meginmarkmið 4. Íslensk myndlist skipi sér alþjóðlegan sess	18
Viðaukar	19
Niðurstöður samráðs	19
Aðgerðaáætlun	20
Aðgerð 1. Sterk staða myndlistar byggir á aðgengi, þátttöku og sterkum þekkingargrunni – vitundarvakning	20
Aðgerð 2. Myndlistarkennsla	21
Aðgerð 3. Aukið aðgengi að Listasafni Íslands	21
Aðgerð 4. Aukið samstarf um rannsóknir	22
Aðgerð 5. Greining á stöðu Listasafns Íslands	22
Aðgerð 6. Stofnun Myndlistarmiðstöðvar	25
Aðgerð 7. Myndlistarráð verði sýnilegra og staða þess styrkt	25
Aðgerð 8. Myndlistarsjóður verði efldur	25
Aðgerð 9. List í opinberu rými – breytt skipulag og framkvæmd	25
Aðgerð 10. Hagvísar	26
Aðgerð 11. Skattaumhverfi myndlistar	26
Aðgerð 12. Endurskoðuð skilgreining á myndlist í tollalögum	27
Aðgerð 13. Endurgreiðslukerfi hvetji til sýningarhalds og þátttöku í alþjóðlegum kaupstefnum	27
Aðgerð 14. Könnun á mögulegum hvötum til listaverkakaupa fyrirtækja	28
Aðgerð 15. Markviss alþjóðleg kynning og þátttaka	28
Aðgerð 16. Samstarf og þátttaka í erlendu samstarfi á sviði myndlistar	28
Aðgerð 17. Gestavinnustofur	29
Aðgerð 18. Höfundarréttarmál	29



Inngangur

Í október 2020 var verkefnahópi með fulltrúum stjórnvalda og myndlistarlífs, stofnana- og stuðningskerfis, félagasamtaka og atvinnulífs myndlistar falið að móta heildstæða stefnu um málefni myndlistar á Íslandi til ársins 2030.

Verkefnið var þrjúþætt:

- a. að greina starfsemi hins opinbera á sviði myndlistar, allt frá löggjöf til stofnana- og stuðningskerfis, og tölulegar upplýsingar myndlistar,
- b. að móta fyrstu drög að markmiðum og aðgerðum í samráði við ráðherra og fulltrúa helstu stofnana, hagaðila og atvinnulífs á sviði myndlistar,
- c. að leggja grunn að stefnu og aðgerðaáætlun.

Málefni myndlistar falla í fjárlögum undir málefnasvið 18 Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál og málaflokka 18.10 Safnamál og 18.30 Menningarsjóðir. Í fjármálaáætlun fyrir árin 2023-2027 segir að framtíðarsýn málefnasviðsins sé að Ísland skipi sér í fremstu röð á þessum sviðum. Þar segir að allir landsmenn eigi að geta aukið lífsgæði sín með þátttöku í öflugum og fjölbreyttu starfi í listum, menningu og íþróttar- og æskulýðsstarfi. Meginmarkmið stjórnvalda á sviði menningar og lista er að jafna og bæta tækifæri til ný- og atvinnusköpunar í menningarstarfi, listum og skapandi greinum. Þannig er stefnt að því að fjölga störfum í skapandi greinum, auk þess sem áhersla er lögð á varðveislu, aðgengi og miðlun menningararfs þjóðarinnar, uppbyggingu innviða og að efla íslensku og íslenskt táknið sem opinber mál á Íslandi.

Málefnasvið 18 er á ábyrgð menningar- og viðskiptaráðuneytis en utanríkisráðuneyti fer með málefni sendiskrifstofa og sjálfseignarstofnunarinnar Íslandsstofu sem styður við kynningu á íslenskri list og menningu erlendis.

Fjallað er um myndlist í myndlistarlögum nr. 64/2012. Þar er fjallað um Listasafn Íslands, myndlistarráð og myndlistarsjóð, listaverk í opinberum byggingum og á útisvæðum og listskreytingasjóð. Með vísan í lögini eru m.a. reglugerðir um Listasafn Íslands, myndlistarráð, myndlistarsjóð og fleira settar.

Með fyrstu heildstæðu myndlistarstefnunni er vörðuð metnaðarfull braut til ársins 2030. Sett er fram framtíðarsýn ásamt fjórum meginmarkmiðum. Í aðgerðaáætlun sem fylgir stefnunni er miðað að því að treysta stöðir og tækifæri greinarinnar með ýmsum hætti. Verkefnahópurinn mat stöðu myndlistar á Íslandi og er stefnan og aðgerðaáætlunin afurð þess mats.

Aðgerðaáætlunina þarf að endurskoða árlega í tengslum við gerð fjármálaáætlunar og þannig nýtist stefnan við að greiða götu nýrra verkefna til þess að efla greinina enn frekar til næsta áratugar.

Stefnan kallar á fjölbreyttan stuðning við listsköpun, menntun og myndlæsi sem stuðlar að kraftmikilli myndlistarmenningu. Öflug myndlistarmenning getur þannig aukið

þekkingu og áhuga almennings á myndlist og bætt lífsgæði og ánægju. Í stefnunni eru lögð til markviss skref til þess að einfalda en styrkja stofnana- og stuðningskerfi myndlistar og hlúa markvissar en áður að innviðum atvinnulífs myndlistar. Með því má bæta samkeppnishæfni fyrirtækja og efla útflutning og markaðssetningu á íslenskri myndlist. Með stefnunni er ætlunin að samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið og stuðla að sjálfbærni.

Auknu samráði innan myndlistarlífsins sem og milli þess og stjórnvalda er ætlað að tryggja árangursríka framkvæmd stefnunnar. Við vinnu stefnunnar sendi verkefna- höpurinn samráðskönnun á helstu þátttakendur í íslensku myndlistarumhverfi þar sem óskað var eftir viðbrögðum við hugmyndum og umræðum höpsins.

Stefnan heyrir fyrst og fremst undir menningarstefnu ráðuneytisins. Unnið var að stefnunni með hliðsjón af ýmsum öðrum stefnuskjölum og áætlunum stjórnvalda, þar á meðal mennta- stefnu til ársins 2030, stefnu í sveitarstjórnarmálum fyrir árin 2019–2033, byggðaáætlun fyrir árin 2018–2024, stefnu um gervigreind, nýsköpunarstefnu og framtíðarstefnu fyrir íslenskan útflutning eftir því sem við átti. Stefnan styður jafnframt við samfélagslegar áherslur sem settar eru fram í Framtíðarsýn og leiðarljósi íslenskrar ferðapjónustu til 2030 sem er stefnuramma stjórnvalda í ferðapjónustu til 2030, og er í samræmi við áherslur stjórnvalda um aukna samþættingu menningar og ferðapjónustu. Að auki voru önnur gögn höfð til hliðsjónar, svo sem fyrirmyndir á Norðurlöndum, heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, og gögn myndlistarráðs frá árunum 2014 og 2015 og fleira.

Lykilviðfangsefni

Myndlistarlíf á Íslandi er í miklum blóma og fram undan er tilefni til að beina sjónum að frekari tækifærum til vaxtar. Sköpun íslenskra listamanna fangar athygli fólks hér á landi sem og erlendis. Árangurinn birtist í fleiri tækifærum íslenskra listamanna til þátttöku í kraftmikilli safnastarfsemi og vönduðum sýningum um allt land. Einnig endurspeglast árangurinn í þátttöku á virtum alþjóðlegum viðburðum og sýningum. Eftirspurn eftir kaupum á íslenskum listaverkum er umtalsverð.


Sífelld fleiri listaverk spretta úr íslenskum veruleika eða af sköpun íslenskra listamanna og fanga athygli fólks hér á landi og erlendis.

Ungt fólk sækir í auknum mæli í listgreinar, eins og myndlistina, sem eru í eðli sínu greinar framtíðar, alþjóðlegar og sjálfbærar í senn. Fyrir utan að gegna ríku og vaxandi hlutverki í samfélaginu er myndlist sífelld mikilvægari þáttur í alþjóðlegri markaðssetningu Íslands sem lands lista og skapandi greina og á ríkan þátt í einstakri upplifun erlendra ferðamanna sem koma til landsins. Af þessu má álykta að með aukinni fjárfestingu muni greinin geta skilað þjóðarbúinu talsvert meiri verðmætum en hún gerir nú.






FJÖLDI STARFANDI Í MYNDLISTARGREINUM




Talsverð samlegðaráhrif eru innan íslenskra menningargreina og listamenn afmarka sig ekki endilega við eina grein. Grafið sýnir bráðabirgðatölur yfir fjölda listamanna starfandi í myndlist 2008-2020, í nóvember hvert ár samkvæmt Hagstofu Íslands. Starfandi teljast þeir sem höfðu einhverjar tekjur af atvinnu sem greitt er fyrir í uppgjöri ríkisskattstjóra um staðgreidda skatta, þar með talið þeir sem eru með reiknað endurgjald. Upplýsingar um sjálfstætt starfandi koma úr hreyfingaskrá Skattsins. Bæði eru talin aðal- og aukastörf og því eru tvítalningar mögulegar.

FJÖLDI REKSTRARAÐILA Í MYNDLIST



Fjöldi rekstraraðila í myndlist 2008-2019. Bráðabirgðatölur sem sýna fjölda rekstraraðila sem höfðu fimm milljónir króna eða meira í rekstrartekjur á ári samkvæmt skattframtölum.

REKSTRARTEKJUR Í MYNDLISTARGREINUM



Fjöldi rekstraraðila í myndlist 2008-2019. Bráðabirgðatölur sem sýna fjölda rekstraraðila sem höfðu fimm milljónir króna eða meira í rekstrartekjur á ári samkvæmt skattaframtölum.

Framtíðarsýn

Á Íslandi ríkir kraftmikil og lifandi myndlistarmenning og myndlistarstarfsemi. Myndlist leikur stórt hlutverk í samfélaginu. Hún er órjúfanlegur hluti af menntun, þroska og daglegu lífi fólks um allt land, óháð aðstæðum. Myndlistarfólk er metið að verðleikum og áhersla er lögð á kennslu og nám í myndlist og listasögu á öllum skólastigum. Myndlist á vaxandi samfélagslegu hlutverki að gegna og stuðlar að gagnrýnni og skapandi hugsun og umræðu.

Starfsemi listasafna þjónar þörfum síbreytilegs samfélags. Stofnana- og stuðningskerfi myndlistar er einfalt og skilvirkt.


Vöxtur atvinnulífs myndlistar endurspeglast í fjölda gallería og annarra fyrirtækja með starfsemi á sviðinu. Íslensk myndlist vekur athygli og markar sér stöðu innan alþjóðlega listheimsins. Myndlist á Íslandi hefur aðdráttarafl fyrir þátttakendur í alþjóðlegu myndlistarlífi.

Meginmarkmið

Myndlistarstefnan byggist á fjórum meginmarkmiðum sem hvert og eitt stuðlar að umbótum og jákvæðum breytingum svo framtíðarsýn stefnunnar geti orðið að veruleika. Meginmarkmiðin eru þessi:

1. Á Íslandi ríki kraftmikil myndlistarmenning
2. Stuðningskerfi myndlistar sé einfalt og skilvirkt kerfi
3. Íslensk myndlist sé sýnileg og vaxandi atvinnugrein
4. Íslensk myndlist skipi alþjóðlegan sess

▼ Hrafnhildur Arnardóttir, Shoplifter.
Chromo Sapiens, Feneyjatvíæringurinn 2019.



Meginmarkmið 1

Á Íslandi ríki kraftmikil myndlistarmenning

- Stuðla ber að fjölbreyttri listsköpun og frjóu og auðugu myndlistarlífi þar sem aðgengi einstaklinga er gott, óháð aðstæðum.
- Unnið verður að því að auka áhuga almennings og þátttöku.
- Myndlist hefur vaxandi samfélagslegu hlutverki að gegna og stuðlar að gagnrýnni og skapandi hugsun og umræðu.



▲ Mynd úr sal Listasafns Reykjavíkur-Ásmundarsal af sýningu Carl Boutard Gróður jarðar.

Áhersluatriði

- a. Stuðlað verði að vitundarvakningu á meðal almennings og myndlist verði aðgengileg fyrir sem flesta, óháð aðstæðum.
- b. Áhugi á myndlist, safnastarfi og höfundavernd verði aukin með kynningarstarfi innan skóla og í fjölmiðlum.
- c. Grundvöllur sýningarhalds verði eflur um allt land.
- d. Þjálfun í skapandi hugsun verði eflur ásamt listkennslu og myndlæsi innan skólakerfisins, aukið samstarf verði milli skólakerfis og listasafna.
- f. Kennsla og kennslufræðileg nálgun verði eflur og framboð af námsefni í myndlist endurskoðað.

Mælikvarðar fyrir markmið 1:

- a. Aðsókn landsmanna að sýningum aukist um 2-4% á ári fram til ársins 2030.
- b. Heimsóknir skólahópa og fræðsla viðurkenndra listasafna hafi aukist um 15% árið 2025.
- c. Fjölmiðlaumfjöllun um myndlist aukist um 3-5% á ári fram til ársins 2030.

Meginmarkmið 2

Stuðningskerfi myndlistar á Íslandi sé einfalt og skilvirkt

- Á Íslandi sé starfrækt höfuðsafn á heimsmælikvarða á sviði myndlistar.
- Að opinberar stofnanir og stuðningskerfi séu samstillt.
- Heildarstarfsemi myndlistarumhverfisins einkennist af metnaði, samvinnu og framúrskarandi þjónustu á öllum sviðum.

Áherslur

- Listasafn Íslands verði eft í hlutverki sínu sem höfuðsafn, miðstöð safnastarfs og þátttakandi í alþjóðlegu safnastarfi.
- viðurkennd söfn leiti til Listasafns Íslands eftir faglegri aðstoð enda hafi safnið forystu í söfnun listaverka, verndun og miðlun menningararfs, rannsóknnum, þróun, kynningu og miðlun íslenskrar myndlistar.
- Myndlistarmiðstöð styðji og eflí íslenska myndlist hér á landi og erlendis.
- Myndlistarráð og Myndlistarmiðstöð styðji faglega við myndlistarumhverfið, verði sýnilegri og taki meira frumkvæði við stefnumótun fyrir myndlistarsjóð og verkefni er snúa að list í opinberum byggingum.
- Samstarf og samtal stofnana og aðila í rannsóknum innan myndlistarsviðsins verði eft með virkri upplýsingagjöf, tengslaneti og viðburðum í tengslum við rannsóknir; samstarf og samtal verði eft á milli listasafna, háskólasamfélags, myndlistarmanna, nemenda og annars fagfólks.
- Hugað verði vel að myndlist í opinberu rými; skráning, varðveisla, innkaup og kynning verði eflid.
- Stofnana- og stuðningskerfi verði einfalt og skilvirkt. Upplýsingum um opinber innkaup listaverka verði miðlað á aðgengilegan hátt.

Mælikvarðar fyrir markmið 2:

- Gestafjöldi í höfuðsafni myndlistar aukist um 3-5% á ári fram til ársins 2030.
- Opinber innkaup á myndlist aukist um 3-5% á ári fram til ársins 2030.



◀ Lucky 3, Yfirlitsmynd af sýningunni Lucky me? í Kling & Bang 2020



▲ Libia Castro & Ólafur Ólafsson. Í leit að töfrum - Tillaga að nýrri stjórnarskrá fyrir lýðveldið Ísland, 2020





Meginmarkmið 3

Íslensk myndlist verði sýnileg og vaxandi atvinnugrein

- Myndlist verði samkeppnishæf og sjálfbær atvinnugrein sem leggur sitt af mörkum til verðmæta- og atvinnusköpunar um allt land.

Áherslur

1. Sýningarhald á sviði myndlistar verði eftt með endurgreiðslukerfi sem hvetur til sýningarhalds gallería og annarra fyrirtækja hér á landi.
2. Komið verði á hvatakerfi sem ýti undir vöxt og atvinnu- og verðmætasköpun atvinnugreinarinnar.
3. Faglegt umhverfi myndlistar verði styrkt með breytingum á lögum og reglum um skatta og tolla.
4. Ákvæði höfundalaga sem varða myndlist verði rýnd í þeim tilgangi að skýra betur sérstöðu myndlistar innan höfundaréttar; til staðar verði fræðsla um samninga og höfundarétt til að tryggja skilning á hvernig höfundalög eiga að tryggja fjárhagslegan grundvöll myndlistarhöfunda sem annarra höfunda.
5. Hagvísar verði gerðir til að mæla umfang atvinnugreinarinnar.

Mælikvarðar fyrir markmið 3:

- a. Rekstrartekjur innan greinarinnar samkvæmt mælingum Hagstofu Íslands aukist um 2-4% á ári fram til ársins 2030.
- b. Fjöldi starfandi í greininni samkvæmt mælingum Hagstofu Íslands aukist um 3-5% ári fram til 2030.

Vatn og blóð, vídeóverk eftir Gjörningarklúbbinn sem sýnt var í Listasafni Íslands 2019. ▶



Meginmarkmið 4

Íslensk myndlist skipi sér alþjóðlegan sess

- Myndlistarlíf verði drifið áfram af samstarfi listamanna og atvinnulífs með stoðum í traustu stuðningskerfi.
- Íslenskt myndlistarlíf veki athygli alþjóðlegs myndlistarheims sem leiði af sér alþjóðlegt samstarf og aukna sölu á íslenskum listaverkum erlendis.

Anna Hrund Másdóttir,
Ragnheiður Káradóttir
og Steinunn Önnudóttir,
Yfirlitsmynd af sýningunni
Feigðarós í Kling & Bang
2021.



Áherslur

1. Stuðningskerfi myndlistar, listamenn og atvinnulíf taki höndum saman um að efla árangursríkt alþjóðlegt samstarf og kynningu.
2. Endurgreiðslukerfi efli og hvetji til sýningarhalds og þátttöku í alþjóðlegum kaupstefnum og viðburðum.
3. Stutt verði við öflug sjálfsprottin verkefni innanlands á borð við myndlistarhátíðir og vinnustofur á alþjóðamælikvarða.
4. Þátttaka íslenskra myndlistarmanna í alþjóðlegum viðburðum verði eflid.
5. Myndlistarviðburðir á Íslandi laði að fagfólk á sviði myndlistar og styðji við aukna menningartengda ferðaþjónustu.
6. Tryggt verði að íslensk höfundalög séu ávallt í samræmi við alþjóðaskuldbindingar og alþjóðapróun til að tryggja alþjóðastamstarf á sviði myndlistar.

Mælikvarðar fyrir markmið 4:

- a. Gerð verði gæðaúttekt á útflutningstölum áður en tekin verður endanleg ákvörðun um hvaða mælikvarða eigi að nota til að meta umfang og aukningu útflutnings á myndlist milli landa.
- b. Fjöldi þátttakenda í sýningum og kaupstefnum erlendis hafi aukist um 2-4% á ári fram til ársins 2030.
- c. Erlend umfjöllun um íslenska myndlist aukist um 2-4% á ári til ársins 2030.

Viðaukar

Niðurstöður samráðs

Drög að myndlistarstefnu voru til samráðs í Samráðsgátt stjórnvalda 21. september til 5. október 2021, mál S-181/2021. Alls bárust ráðuneytinu 15 umsagnir.

Í umsögnum við drög að myndlistarstefnu voru gerðar athugasemdir og gefnar ábendingar um fyrirkomulag stofnana- og stuðningskerfis myndlistar, atvinnuþátttöku og starfslaun myndlistarmanna, höfundaréttarmál, tengingu myndlistar við aðrar listgreinar, myndlistarkennslu- og menntun, safna- og listfræðslu og fleira. Bent var á mikilvægi stuðnings við frumsköpun og að jafnræði ríki milli stuðningsaðgerða til frumsköpunar og atvinnulífs á sviði myndlistar. Bent var á mikilvægi Listasafns Íslands og stöðu sýningar- og varðveislurýma safnsins, rannsókna og miðlunar. Stefnudrögin gefa til kynna að kanna þurfi mögulegar breytingar á stjórnsýslu og skipulagi stuðningskerfis myndlistar.

Af þessu tilefni má nefna Menningarsókn – aðgerðaáætlun til 2030 og nokkur atriði sem komu fram í umsögnum og eiga við um allar listgreinar. Menningarsókn er í samræmi við gildandi menningarstefnu. Aðgerðaáætlunin inniheldur aðgerðir sem styðja við markmið menningarstefnu, en jafnframt felur hún í sér ný markmið og áskoranir. Þar er fjallað um að Ísland sé orðið fjölmeningarsamfélag og því sé brýnt að fjölbreytt samsetning íbúa landsins endurspeglar í menningarlífinu. Í aðgerðaáætlun Menningarsóknar er lögð áhersla á öflugt og faglegt starfslaunakerfi, ásamt úttekt á starfsumhverfi listamanna.

Menningarsókn undirstrikar skýra höfundaréttarstefnu stjórnvalda. Að auki er lagt til að List fyrir alla verði fest í sessi. Verkefnið felst í því að listheimsóknir verði sjálfsagður hluti skólastarfs á meðan skólaskylda varir. Í aðgerðaáætluninni er lögð áhersla á samstarf og samtal stjórnvalda við haghafa og hagsmunaaðila listgreinanna.

Til viðbótar við kynningu í samráðsgátt var send út spurningakönnun til helstu hagaðila í umhverfi myndlistar. Með svörum úr könnuninni fengust svör við spurningum um starfsumhverfi hagsmunaaðila, svo sem myndlistarmanna, safnastarfsfólks, gallería, myndlistarkennara o.s.frv. Að auki var metin þörf fyrir breytingar á stjórnskipulagi myndlistar.



◀ Bryndís Snæbjörnsdóttir & Mark Wilson, yfirlitsmynd af sýningunni Vísitásiur á Listasafni Akureyrar 2021. ▶

Aðgerðaáætlun

Unnið verður í samræmi við eftirfarandi aðgerðaáætlun myndlistarstefnunnar til að tryggja framgang myndlistar í landinu. Aðgerðir myndlistarstefnunnar verða endurskoðaðar árlega í tengslum við gerð fjármálaáætlunar og fjárlaga til að greiða götu nýrra verkefna og efla myndlistarstarfsemi hér á landi enn frekar næsta áratug. Gera má ráð fyrir að sumar aðgerðir hafi í för með sér kostnað en aðrar ekki. Menningar- og viðskiptaráðuneyti fylgist með framvindu aðgerða og birtir reglulega upplýsingar þar að lútandi.

Eftirfarandi eru fyrstu aðgerðir.

Aðgerð 1

Sterk staða myndlistar

Meginmarkmið í öllum aðgerðum

Upphaf: Árið 2023

Ábyrgð: Myndlistarmiðstöð

Ráðist verði í átaksverkefni sem stuðlar að vitundarvakningu hjá almenningi. Áhersla er lögð á að gera myndlist aðgengilega fyrir alla, óháð aðstæðum. Lögð er áhersla á að fjölbreytt samsetning íbúa í fjölmeningarsamfélagi landsins endurspeglist í myndlistarlífinu. Markmiðið er að vekja áhuga sem flestra landsmanna á að sækja sýningar og viðburði, sem og að þjálfa myndlæsi og þátttöku í umræðum.

Verkefnið felst í gerð fjölbreytts kynningarrefnis, miðlunarleiða og viðburða sem ná yfir eitt ár. Unnið verður að því að fá verkefninu fjölmarga samstarfsaðila sem leggi fram vinnu og fjármagn til viðbótar við opinbert fjárframlag, auk þess sem áhersla verður lögð á samstarf við fjölmiðla.



Aðgerð 2

Myndlistarkennsla

Markmið: 1

Upphaf: Árið 2023

Ábyrgð: Menningar- og viðskiptaráðuneyti í samstarfi við hlutaðeigandi aðila úr myndlistarumhverfi

Lögð verður áhersla á þjálfun í skapandi hugsun, eflingu listkennslu og myndlæsi innan skólakerfisins eins og fram kemur í menntastefnu. Myndlistarkennsla styður við læsi í víðum skilningi, til að mynda mynd-, miðla-, náttúru- og menningarlæsi. Gerð verður greining á stöðu myndlistar- og listasögukennslu innan skólakerfisins sem leggi grunn að tillögum sem kæmu inn í aðgerðir menntastefnu.

Aukið samstarf milli skólakerfis og listasafna styður við nám og kennslu þar sem vettvangsferðir og listheimsóknir verða hluti af náminu. Haldið verði áfram með verkefnið List fyrir alla og lögð verði áhersla á samtali listamanna, safna og menntastofnana, þannig verði aukin þátttaka og jafnað aðgengi barna og ungmenna að listum og menningar- og myndlistararfi.

Aðgerð 3

Aukið aðgengi að Listasafni Íslands

Markmið: 2

Upphaf: Hefjist árið 2023

Ábyrgð: Menningar- og viðskiptaráðuneyti í samstarfi við Listasafn Íslands

Fyrirkomulag aðgengismála Listasafns Íslands verður kannað með það að markmiði að meta ókeypis aðgang að grunnsýningum safnsins í tímabundnum átaksverkefnum eða hluta úr ári.

Áhersla verði lögð á að auka aðgengi almennings að myndlistararfi þjóðarinnar og íslenskri listasögu.

Hugað verði að farsælustu útfærslu með það að markmiði að efla safnið svo að það nái betur til barnafjölskyldna og ungs fólks, með auknu aðgengi verð lögð áhersla á að efla vitund um mikilvægi myndlistar í samfélaginu og hvatt til rökræðu og lýðræðislegrar umræðu um málefni samtímans.

Lucky 3, Yfirlitsmynd af sýningunni Lucky me? í Kling & Bang 2020



Aðgerð 4

Aukið samstarf um rannsóknir

Markmið: 2

Upphaf: Hefjist árið 2023

Ábyrgð: Myndlistarmiðstöð í samráði við Listasafn Íslands, háskóla og rannsakendur á sviði skapandi greina.

Komið verði á fót upplýsingaveitu og tengslaneti sem leiði saman aðila til samstarfs um rannsóknir, svo sem listasöfn, háskólasamfélagið, Listfræðifélag Íslands, sýningarstjóra, myndlistarmenn og nemendur. Þannig verði áhugi aukinn á myndlist og safnastarfi.



◀ Ragnar Kjartansson.
Sumarnótt, 2021

Aðgerð 5

Greining á stöðu Listasafns Íslands


Markmið: 2

Upphaf: Hefjist árið 2023 og starfshópur ljúki störfum í lok ársins

Ábyrgð: Menningar- og viðskiptaráðherra skipi starfshóp samkvæmt tilnefningu hagaðila

Stofnaður verður starfshópur sem móti framtíðarsýn fyrir uppbyggingu höfuðsafns á heimsmælikvarða. Byggt verði á heildstæðri þarfagreiningu um húsnæðismál, forystuhlutverk, sýningahald, söfnun listaverka, verndun og miðlun menningararfs, rannsóknir, þróun, kynningu og miðlun íslenskrar myndlistar.





▲ Mynd úr sal Listasafns Íslands af sýningunni Of the North, tekin 2021.
Steina. Of the North, 2001.

Aðgerð 6

Stofnun Myndlistarmiðstöðvar

Markmið: 2

Upphaf: Verkefni þegar hafið

Ábyrgð: Myndlistarmiðstöð

Ný Myndlistarmiðstöð tekur við hlutverki Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar og fær víðtækara hlutverk undir nýju nafni. Hlutverk hennar felist í stuðningi við og eflingu á myndlist innanlands og utan. Miðstöðin kemur að framkvæmd myndlistarstefnu í samstarfi við myndlistarráð. Áhersla verður lögð á aukinn stuðning við kynningu, ráðgjöf, fræðslu og miðlun. Huga verður jafnframt að skilum milli hlutverka Myndlistarmiðstöðvar og myndlistarráðs.

Aðgerð 7

Myndlistarráð verði gert sýnilegra og staða þess styrkt

Markmið: 2

Upphaf: Hefjist árið 2023

Ábyrgð: Menningar- og viðskiptaráðuneyti

Myndlistarráð verði gert sýnilegra og taki meira frumkvæði við stefnumótun fyrir myndlistarsjóð.

Aðgerð 8

Myndlistarsjóður verði efldur

Markmið: 2

Upphaf: Hefjist árið 2024

Ábyrgð: Menningar- og viðskiptaráðuneyti

Sjóðurinn verði efldur og fái tækifæri til að styðja við fjölbreytt verkefni á víðu sviði myndlistar, m.a. með tilliti til sjálfbærni og menningarlegrar fjölbreytni.

Aðgerð 9

List í opinberu rými – breytt skipulag og framkvæmd

Markmið: 2

Upphaf: Hefjist árið 2023


Ábyrgð: Menningar- og viðskiptaráðuneyti

Fyrirkomulag Listskreytingasjóðs verði skoðað í samráði við myndlistarráð, Samband

Viðaukar

Mynd úr sal Listasafns Íslands af sýningunni High Plane VI, tekin 2020.

Katrín Sigurðardóttir,
High Plane VI,
2001 - 2007. ▶



Íslenskra myndlistarmanna, Myndlistarmiðstöð, Listasafn Íslands, Arkitektafélag Íslands og Framkvæmdasýsluna - Ríkiseignir.

Aðgerð 10

Hagvísar

Markmið: 3

Upphaf: Þegar hafið

Ábyrgð: Menningar- og viðskiptaráðuneyti í samstarfi við Myndlistarmiðstöð, safnaráð, háskóla og rannsakendur á sviði skapandi greina.

Teknir verði saman hagvísar myndlistar, til að mynda úr talnaefni frá Hagstofu Íslands, sem varpi ljósi á umfang greinarinnar og verði hluti af mælaborði skapandi greina.

Í mælaborðinu verði safnað saman lykiltölum greinarinnar, svo sem um fjölda starfandi myndlistarmanna, fjölda fyrirtækja, veltu, útflutning, fjölda sýninga, aðsókn og þátttöku kynja. Með þessu verði aflað upplýsinga til að auka skilning á hlut myndlistar í samfélaginu, áhrifum greinarinnar á samfélagið og arðsemi myndlistar innan atvinnulífsins.

Aðgerð 11

Skattaumhverfi myndlistar

Markmið: 3

Upphaf: Hefjist árið 2023

Ábyrgð: Fjármála- og efnahagsráðuneyti og menningar- og viðskiptaráðuneyti í samstarfi við atvinnulíf myndlistar

Til að efla faglegt starfsumhverfi myndlistarmanna, til samræmis við aðrar skapandi greinar eins og bókaútgáfu, tónlist og hönnun, verði gerð ítarleg greining á þeim möguleika að færa myndlist í 11% virðisaukaskattsþrep. Starfshópur meti mögulegar breytingar á skattaumhverfi myndlistar.

Aðgerð 12

Endurskoðuð skilgreining á myndlist í tollalögum

Markmið: 3

Upphaf: Hefjist árið 2023

Ábyrgð: Fjármála- og efnahagsráðuneyti í samstarfi við menningar- og viðskiptaráðuneyti, tollayfirvöld og hlutaðeigandi aðila úr myndlistarumhverfinu

Skilgreining á myndlist í tollalögum verði breytt til samræmis við nútímalegar skilgreiningar þar sem skilgreining á myndlist í tollskrá hefur verið til trafala í alþjóðlegu samstarfi og fyrir inn- og útflutning á myndlist.

Aðgerð 13

Endurgreiðslukerfi hvetji til sýningarhalds og þátttöku í alþjóðlegum kaupstefnum

Markmið: 3

Upphaf: Hefjist árið 2023

Ábyrgð: Menningar- og viðskiptaráðuneyti í samráði við fjármála- og efnahagsráðuneyti

Til að efla sýningarhald á sviði myndlistar verði gerð ítarleg greining á þeim möguleikum að koma á endurgreiðslukerfi sem hvetur til sýningarhalds gallería og annarra fyrirtækja hér á landi og þátttöku í virtum alþjóðlegum kaupstefnum.

Horft verði til endurgreiðslufyrirkomulags vegna bókaútgáfu og hljóðritunar. Aðrir opinberir styrkir kæmu til frádráttar og þak sett á endurgreiðslur til hvers aðila. Starfshópur móti tillögur um fyrirkomulag endurgreiðslukerfis og framkvæmd.



Hulda Hákon
Leikhús, 1988

Aðgerð 14

Könnun á mögulegum hvötum til listaverkakaupa fyrirtækja

Markmið: 3

Upphaf: Hefjist árið 2023

Ábyrgð: Menningar- og viðskiptaráðuneyti í samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneyti og atvinnulíf á sviði myndlistar

Starfshópur verði settur á fót sem kanni með hvaða hætti sé hægt að hvetja fyrirtæki til kaupa á myndlist, t.d. miðað við fjárhæðir eða hlutfall veltu, fyrir húsnæði sem hýsir atvinnustarfsemi. Horft verði til nágrannalanda um fyrirmyndir.

Sigrún Sverrisdóttir, Konur og menn, 1976. ▶



Aðgerð 15

Markviss alþjóðleg kynning og þátttaka

Markmið: 4

Upphaf: Hefjist árið 2023

Ábyrgð: Myndlistarmiðstöð og myndlistarráð í samstarfi við menningar- og viðskiptaráðuneyti, utanríkisráðuneyti og Íslandsstofu

Áfram verði unnið af krafti og með markvissum hætti að alþjóðlegu samstarfi listamanna og fagfólks í myndlistarumhverfinu, tengslamyndun og kynningu á íslenskri myndlist. Myndlistarráð í samstarfi við menningar- og viðskiptaráðuneyti, utanríkisþjónustuna og Íslandsstofu móti stefnu og stilli saman strengi á þessu sviði.

Aðgerð 16

Samstarf og þátttaka í erlendu samstarfi á sviði myndlistar

Markmið: 4

Upphaf: Hefjist árið 2023

Ábyrgð: Myndlistarmiðstöð og myndlistarráð í samstarfi við menningar- og viðskiptaráðuneyti, utanríkisráðuneyti, sendiskrifstofur og Íslandsstofu

Stutt verði við verkefni á borð við myndlistarhátíðir og vinnustofur hérlendis. Kraftmikil listsköpun og alþjóðlegir viðburðir laða að erlenda listamenn, safnara, fagfólk á sviði myndlistar, auk menningarferðamanna í auknum mæli. Með öflugum alþjóðlegu samstarfi listamanna og fagfólks í myndlist eflist og þroskast myndlistarumhverfið hér á landi. Það skilar sér til almennings með fjölbreyttari og metnaðarfullri myndlist og sýningum.

Aðgerð 17

Gestavinnustofur

Markmið: 4

Upphaf: Hefjist árið 2023

Ábyrgð: Menningar- og viðskiptaráðuneyti í samráði við Samband íslenskra myndlistarmanna

Komið verði á fót vinnuhópi með það að markmiði að finna hentugt og varanlegt húsnæði fyrir gestavinnustofu Sambands íslenskra myndlistarmanna svo að samtökin geti haldið áfram að bjóða upp á gestavinnustofur fyrir erlenda listamenn, almenningi og íslenskri myndlist til hagsbóta.

Aðgerð 18

Höfundarréttarmál

Markmið: 1 og 3


Upphaf: Hefjist árið 2023

Ábyrgð: Menningar- og viðskiptaráðuneytið í samstarfi við háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti og mennta- og barnamálaráðuneyti og sérfræðinga atvinnulífs á sviði myndlistar, þar á meðal höfundaréttarsamtökin Myndstef

Unnið verði að gerð höfundaréttarstefnu í samræmi við boðaðar aðgerðir í Menningarsókn – aðgerðaáætlun til 2030. Þar verði m.a. lögð áhersla á sérstöðu myndlistar í höfundarétti og á aðgerðir sem þörf er á. Áhersla verði lögð á innleiðingu á tilskipun (ESB) 2019/790 frá 17. apríl 2019 um höfundarétt og skyld réttindi á stafræna innri markaðnum sem m.a. á að leiða til sterkari samningsstöðu höfunda, þ.m.t. höfunda á sviði myndlistar. Þá verði unnið að aukinni fræðslu um höfundaréttarmál í skólum sem kenna myndlist, þ.e. í grunnskólum, sérskólum og skólum á háskólastigi.



Steingrímur Eyfjörð
af sýningunni
Tegunda greining í
Listasafni Reykja-
nesbæjar, 2021



◀ Gunnhildur Hauksdóttir, Skriða, 2021 af Sequences hátíðinni.

Yfirlitsmynd af sýningunni Endurómur í Verksmiðjunni á Hjalteyri 2021. ▶



Ólafur Ólafsson og Libia Castro, Í leit að töfrum- Tillaga að nýrri stjórnarskrá fyrir lýðveldið Ísland,

